

Mál nr. 245/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. reiðhjóls A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur milli reiðhjóls og bifreiðar á ljósastýrðum gatnamótum þ. 3.4.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.6.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 18.6.2012
3. Bréf V-2 dags. 18.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á ljósastýrðum gatnamótum Dalvegjar og Nýbýlavegjar í Kópavogi. B sem er bifreið var ekið vestur Nýbýlaveg og á hjólreiðamann ökutæki A sem hjólaði þvert yfir Nýbýlavegin frá Dalvegi til norðurs. Hjólreiðamaðurinn A segist hafa farið yfir á gulu ljósi og ekki komið auga á B fyrr en í þann mund að árekstur varð. A segir að það hafi verið stór sendiferðabíll á vinstri akrein Nýbýlavegjar sem hafi stoppað fyrir sér og hann því hjólað áfram en þá hafi B verið ekið á A. Ökumaður B segist hafa verið kyrrstæður á rauðu ljósi við Nýbýlaveg á leið í vestur. Hann hafi ekið af stað þegar grænt ljós hafi logað fyrir sína akstursstefnu en þurft að bíða eftir bifreið sem hafði ekið inn á gatnamótin á gulu ljósi en þegar hann hefði ekið af stað þá hafi A hjólað á B. Vitni að árekstrinum sem segist hafa verið í sendiferðabíl við hliðina á B segist hafa séð A hjóla inn á gatnamótin á rauðu ljósi og hafi hann séð hann og náð að stoppa en ökumaður B hefði ekki séð hann og ekið áfram og á A sem hafi verið hjólað í veg fyrir B.

Álit.

Áreksturinn varð á ljósastýrðum gatnamótum Dalvegjar og Nýbýlavegjar. Samkvæmt framburði vitnis fór A yfir gatnamótin á rauðu ljósi. Engin gögn í málinu hnekkja þessum framburði vitnisins. Af þeim sökum og að virtum öllum gögnum málsins bætist reiðhjólíð ekki sbr. 3.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 úr ábyrgðartryggingu B, en líkamstjón hjólreiðamannsins A bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

Reiðhjólíð (A) bætist ekki sbr. 3.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 en líkamstjón hjólreiðamannsins A bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu B

Reykjavík 26.6.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.